

Environice
Aðalheiður Hjörleifsdóttir
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

2011010075
6514; 9310

Reykjavík, 27. apríl 2011

Efni: Efnistaka í Skútum í Hörgárbyggð. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Skútabergrs ehf. að matsáætlun um efnistöku í Skútum í Hörgársveit.

Skipulagsstofnun barst með bréfi UMÍS ehf. Environice dags. 3. mars 2011 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Skútaberg ehf. Skútar Hörgársveit, efnistaka. Heiti matsáætlunar. UMÍS ehf. Environice. Febrúar 2011.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hörgársveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Hörgársveit með bréfi dags. 15. apríl 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 24. mars 2011, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 29. mars 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. mars 2011 og Vegagerðinni með tölvupósti sem barst dags. 23. mars 2011. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 31. mars 2011 og 27. apríl 2011.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Skútabergrs ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum UMÍS ehf. f.h. framkvæmdaraðila dags. 31. mars 2011 og 27. apríl 2011 með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kosti við magn og tilhögun efnistökkunnar. Á mynd 3 kemur fram hvernig áfangaskipting er áformuð á starfstíma námunnar.

Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af ábendingum í umsögn Umhverfisstofnunar brýnt að í frummatsskýrslu komi fram hvernig verði gengið frá þeim áföngum þar sem vinnslu er lokið eftir því sem efnistökkunni vindur fram. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að fram komi hvort ráðist verði í frágang hvers svæðis að lokinni vinnslu og hversu stór svæði innan námunnar gert sé ráð fyrir að verði opin hverju sinni á framkvæmdatíma.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Gróður og fuglar. Í töflu 1 á bls. 11 - 12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um gróður og fugla. Fram kemur að hvorki sé ráðgert að fjalla sérstaklega um gróður né fugla í frummatsskýrslu. Í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar hefur framkvæmdaraðili leitað til Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri og ákveðið að fjalla um gróður og fugla í frummatsskýrslu. Fram kemur að umfjöllunin verði byggð á fyrirliggjandi gögnum. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við að umfjöllun um gróður og fugla byggji á fyrirliggjandi gögnum. Engu að síður þarf að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla og gera grein fyrir þeim í frummatsskýrslu.

Fornleifar. Í töflu 1 á bls. 11 og grein 4.3.3 á bls. 13 er fjallað um fornleifar. Fram kemur að fornleifaskráning hafi farið fram á svæðinu og tvær minjar séu í nánd við framkvæmdarsvæðið sem verði staðsettar nákvæmlega í frummatsskýrslu og tekið tillit til þeirra ef þær lendi innan framkvæmdasvæðis. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins og telur að kanna þurfi hvort skráðar fornleifar séu innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Minjarnar þurfi að sýna á korti eða loftmynd með afstöðu til framkvæmdarsvæðis. Einnig þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á fornleifar.

Hljóðvist, loftmengun og sandfok ásamt áhrifum á aðrar atvinnugreinar. Í umsögn Hörgársveitar er lagt til að framantaldir umhverfisþættir fái aukið vægi. Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Hörgársveitar brýnt að í frummatsskýrslu verði skilmerkilega gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á nágretta efnistökkunnar og hvort og þá hvernig verði brugðist við hávaða eða foki og hvort slíkir þættir kunni að valda óþægindum fyrir ábúendur eða annan atvinnurekstur í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Hörgársveitar kemur fram að tekið verði fullt tillit til ábendinga sveitarfélagsins.

Umferð. Í töflu 1 á bls. 11 og grein 4.3.4 á bls. 13 er fjallað um umferð. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu komi fram hvernig vegtengingum efnistökusvæðisins við þjóðveg verði háttað og hvernig ráðgert er að hafa þær með það að í huga að slyshætta verði í lágmarki.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Hörgársveit, Fornleifavernd ríkisins, Heiðbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.